

DRÖG

Samkomulag

Ráðning starfsmanns í tímabundið starf fyrir Almannavarnarnefnd Vesturlands

Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Dalabyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Almannavarnarnefnd Vesturlands og Lögreglustjórinn á Vesturlandi gera með sér eftirfarandi samkomulag:

1.gr. Skilgreining verks

Aðilar þessa samkomulags eru sammála um að ráða starfsmann í tímabundið í starf verkefnisstjóra Almannavarnarnefndar Vesturlands. Með samkomulagi þessu fela þau Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) að sjá um tímabundna ráðningu starfsmanns í 50% starf fyrir almannavarnarnefndina. Lögreglustjórinn á Vesturlandi verður yfirmaður verkefnisstjóra, auk þess að útvega honum skrifstofuaðstöðu og skrifstofubúnað.

2.gr. Vinnufyrirkomulag

Almannavarnarnefnd Vesturlands hefur yfirumsjón með verkefninu, en verkefnisstjórinn heyrir undir formann nefndarinnar sem jafnframt er Lögreglustjórinn á Vesturlandi. Verkefnisstjóri vinnur með almannavarnarnefnd og situr fundi hennar. Starfshlutfall hans er 50%.

3.gr. Hlutverk verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri er starfsmaður Almannavarnarnefndar Vesturlands, hann situr fundi hennar, ber ábyrgð á ritun fundargerða og framfylgja ákvörðunum almannavarnarnefndar. Hefur umsjón með uppfærslu hættumats og viðbragðsáætlana og ritstýrir þeim. Sér um samskipti við vettvangsstjórnir í hverju sveitarfélagi og samskipti við almannavarnir ríkislögreglustjóra. Þá fylgist hann með málum sem tengjast náttúruvá á Vesturlandi. Hlutverki verkefnisstjóra er frekar lýst í sérstakri starfslýsingu.

4.gr. Verktími

Starf verkefnisstjóra hefst í 1. júní 2019 og mun ljúka 31 maí 2020.

5.gr. Fjármögnun starfs verkefnisstjóra

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) ráða verkefnisstjóra Almannavarnarnefndar Vesturlands til starfa. Áætlaður launa- og ferðakostnaður verkefnisstjóra eru kr.6.000.000 á

starfstímanum. Í gegnum Sóknaráætlun Vesturlands, sem SSV hefur umsjón með, eru greiddar kr.2.500.000 eða 41,7% af launakostnaði. Sveitarfélögin á Vesturlandi greiða samtals kr.3.500.000 eða 58,3% af launakostnaði. Sveitarfélögin skipta launakostnaði á milli sín með eftirfarandi hætti:

- a. Hvert sveitarfélag greiðir kr.150.000 í fasta greiðslu
- b. Kostnaði að upphæð kr.2.000.000 verður skipt á milli sveitarfélaganna á Vesturlandi eftir íbúafjölda þeirra þann 1.janúar 2019.

SSV sér um að greiða starfsmanninum laun og innheimtir framlög hjá sveitarfélögunum í samræmi við ofangreint. Fastagjald sveitarfélaganna verður innheimt 01.09 2019 og íbúatengda gjaldið verður innheimt 01.02 2020. Ef kostnaður við starfið verður hærri en áætlun gerir ráð fyrir verður viðbótarkostnaði skipt með sama hætti og skilgreint er hér að ofan, þ.e. sveitarfélögin greiða 58,3% af viðbótarkostnaði og Sóknaráætlun Vesturlands greiðir 41,7%.

6.gr. Ýmis ákvæði

Rísi mál vegna samnings þess skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands

Borgarnesi xx.xx 2019